

mál þetta er byrjað. Enn fremur liggur fyrir neitun dómsmálaráðuneytisins um að löggilda skilanevnd, er meiri hluti félagsmanna upplýsir, að hann hafi kosið vegna slita félagsins, sbr. rskj. nr. 17.

Minni hluti félagsmanna, eða sóknaraðili í máli þessu, hefur hins vegar krafist þess, að skiptarétturinn skipti félagsbúinu. Rétturinn lítur svo á, að jafnvel þótt hér væri um hlutafélag að ræða, þá sé skiptarétturinn eini aðilinn, sem bær sé til að skipta félagsbúinu, þar sem félagið hefur ekki getað fengið skrásetningu sem hlutafélag, og áður nefnd skilanevnd hefur ekki getað fengið löggildingu. Eru því kröfur sóknaraðilja um opinber skipti Matstofunnar Bjarkar, Njálsgötu 112, teknar til greina. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Hvað kröfum umboðsmanns varnaraðilja viðvikur um, að umboðsmaður sóknaraðilja verði sektaður vegna áðurgreindra meiðandi ummæla, þá þykir ekki nægilega mikil ástæða til þess.

Vegna mikilla anna og lasleika hefur ekki verið hægt að kveða upp úrskurð þenna fyrr.

Því úrskurðast:

Bú Matstofunnar Bjarkar, Njálsgötu 112, Reykjavík, skal tekið til opinberra skipta. Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 10. október 1947.

Nr. 80/1946. **Bæjarstjóri Vestmannaeyja f. h. bæjarsjóðs**
(Hermann Jónsson hdl.)
gegn

Gunnari Ólafssyni og gagnsök
(Jón N. Sigurðsson hdl.).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Fébótamál vegna verðryrnunar fasteignar í sambandi við skipulag kaupstaðar.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með áfrýjunarstefnu, dags. 15. júní 1946, og hefur hann gert þær kröfur, að hinum áfrýjaða dómi verði breytt og hrund-

ið á þá leið, að hann verði sýknaður af öllum kröfum gagnáfrýjanda í málinu og sér verði dæmdur málskostnaður eftir mati hæstaréttar í héraði og fyrir hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda. Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til hæstaréttar með gagnáfrýjunarstefnu, dags. 18. júní f. á. Krefst hann þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að bera fébótaábyrgð á tjóni gagnáfrýjanda vegna verðryrnunar á húscigninni nr. 8 við Kirkjuveg í Vestmannaeyjum, leiðandi af skipulagi Vestmannaeyjakaupstaðar, staðfestu 3. nóvember 1932, og þar af leiðandi framkvæmdum við skipulag kaupstaðarins. Þá hefur hann og krafizt málskostnaðar eftir mati hæstaréttar úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir hæstarétti.

Hinn 23. nóv. 1940 lét aðaláfrýjandi taka eignarnámi 65,5 fermetra af lóð gagnáfrýjanda við Kirkjuveg nr. 8. Aðiljar eru sammála um, að aðaláfrýjandi beri fébótaábyrgð gagnvart gagnáfrýjanda vegna eignarnáms þessa, og kom það fram í málflutningi þeirra, að þess væri eigi óskað, að kveðið yrði á um þá bótaskyldu í dómi hæstaréttar. Dómur hæstaréttar tekur því aðeins til annarrar fébótaábyrgðar aðaláfrýjanda vegna ofanefndra atvika.

Kröfur sínar um fébótaábyrgð á hendur aðaláfrýjanda stýður gagnáfrýjandi við tvennt. Hann telur, að fyrir ofaniburð í Kirkjuveg hafi jarðvegur við hús hans nr. 8 hækkað svo mjög, að hann hafi byrgt kjallaraglugga hússins, svo að orðið hafi að múra í þá, og hafi kjallarinn af þeim sökum orðið ónothæfur. Í annan stað telur hann, að hús sitt hafi vegna skipulagsákvæðana um breytingu á gatnaskipun orðið bakhús og því óhæft til verzlunarrekstrar og miður fallið til íbúðar en áður. Að því er fyrri atriðið snertir, þá verður aðaláfrýjandi eigi gerð fébótaábyrgð vegna þess, þegar af þeirri ástæðu, að ósannað er í málinu, að hækkun jarðvegsins hafi stafað af öðru en eðlilegu viðhaldi götunnar. Að því er hið síðarnefnda atriði snertir, verður hvorki í ákvæðum laga nr. 55 27. júní 1921 um skipulag kauptúna og sjávarþorpa né öðrum réttarreglum talin felast heimild til að leggja fébótaábyrgð á bæjar- eða sveitarfélög fyrir skipulagsákvæðanir, sem, eins og þær ákvæðanir, er hér

ræðir um, hafa í för með sér breytingu á afstöðu húsa til gatna.

Samkvæmt þessu ber að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi og sýkna aðaláfrýjanda af kröfum gagnáfrýjanda. Málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð :

Aðaláfrýjandi, bæjarstjóri Vestmannaeyja f. h. bæjarsjóðs, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Gunnars Ólafssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og hæstaréti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. júní 1946.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. f. m., hefur Gunnar kaupmaður Ólafsson, Bárugötu 13 í Vestmannaeyjum, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 25. janúar 1946, gegn bæjarstjóra Vestmannaeyja f. h. bæjarsjóðs til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 37400.00, auk málskostnaðar samkvæmt reikningi eða að mati dómara. Við munnlegan flutning málsins krafðist stefnandi og 5% ársvaxta af dómkröfunni frá stefnudegi til greiðsludags, og samþykkti umboðsmaður stefnda, að krafa þessi mætti komast að í málinu.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar, en til vara verulegrar lækkunar á dómkröfum stefnanda.

Aðiljar hafa óskað þess, að málinu yrði skipt, þannig að dómur yrði fyrst felldur um það, hvort stefndi væri skaðabótaskyldur vegna siðargreindra ráðstafana í sambandi við skipulag Vestmannaeyjakaupstaðar, og hefur dómari samþykkt það samkvæmt heimild 5. mgr. 71. gr. laga nr. 85 frá 1936. Við hinn munnlega málflutning um þenna hluta málsins hefur stefnandi því gert þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að bera fébótaábyrgð á öllu því tjóni, er stefnandi telur sig hafa beðið við siðargreindar skipulagsbreytingar. Þá hefur hann og krafizt málskostnaðar að mati dómara, að því er varðar þessa hlið málsins.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar í þessum hluta málsins, en til vara þess, að bótaábyrgð verði einungis miðuð við það tjón, sem stefnandi hefur beðið við það, að umferð að húsi hans, er siðar greinir, hefur verið hindruð um hinn gamla hluta Kirkjuvegar, en hins vegar ekki við heildarverðrýrnun hússins.

Málavextir eru þessir:

Árið 1911 var byggt húsið Dagsbrún, nr. 8 við Kirkjuveg í Vest-

mannaeyjum. Árið 1925 sendi skipulagsnefnd bæjarstjórninni skipulagsuppdrátt fyrir Vestmannaeyjar, er var samþykktur á fundi bæjarstjórnar 8. júlí 1926, að því er virðist með athugasemdum, því að ári síðar auglýsti bæjarstjórn, að skipulagsuppdráttur fyrir kaupstaðinn lægi frammi almenningi til sýnis. Hinn 3. nóvember 1932 staðfesti stjórnarráðið skipulagsuppdrátt af Vestmannaeyjum. Meðal breytinga þeirra, sem gert var ráð fyrir í uppdrætti þessum, var sú, að Kirkjuvegur legðist niður á ca. 40 metra svæði hvorum megin Dagsbrúnar. Jafnframt skyldi leggja niður um 40 metra kafla af Miðstræti, vestur af mótum þess og Kirkjuvegar. Dagsbrún stóð norðan þeirra vegamóta, og snéri suðurgafli hússins að Miðstræti, en austurhlið að Kirkjuvegi. Frá hinum nýju mótum Miðstrætis og framlengingar Kirkjuvegar, vestan Dagsbrúnar, skyldi koma ný gata, um 10 metra norðvestan Dagsbrúnar. Árið 1934 var byggð viðbót við austurhlið hússins nr. 10 við Kirkjuveg. Skagaði viðbótin fram í Kirkjuveg, þannig að umferð annarra en gangandi fólks tepptist sunnan Dagsbrúnar. Sex árum síðar var húseignin Þingvellir flutt að hinni nýju götu, er fyrr greinir, þannig að Kirkjuvegur lokaðist einnig norðan Dagsbrúnar, og er þar aðeins um 2 metra sund eftir. Síðan hefur verið lögð gangstétt með hinni nýju framlengingu Kirkjuvegar yfir austurenda Miðstrætis, svo að þar er nú eigi heldur fært ökutækjum, og fullyrðir stefnandi auk þess, að Miðstræti sé nú algerlega lokað, enda hafi enn verið byggðar viðbætur við húsið nr. 10 við Kirkjuveg, er skagi að þessu sinni út í Miðstræti. Stefnandi, sem er nú eigandi Dagsbrúnar, heldur því fram, að þessar aðgerðir bæjarvaldanna hafi bakað sér mikið tjón, þar eð hús hans sé ekki nothæft til verzlunarrekstrar eftir framkvæmdir þessar. Kveður hann húsið hafa verið notað til verzlunar, sem næst frá upphafi, svo og íbúðar, enda einkar vel til þess fallið, þar sem það stóð á götu-horni við eina helztu götu kaupstaðarins. Nú sé húsið hins vegar orðið bakhús og umferð teppt að því á allar hliðar, en frá hinni nýju götu, sem bakhlið hússins og bakdyr vita að, sé ekki einu sinni gangstigur að húsinu, auk heldur akfær gata. Telur stefnandi rýrnun þessa á notagildi hússins hafa í för með sér mikið verðfall á því og telur tjón sitt af þessum sökum nema að minnsta kosti stefnukröfunni, en fjárhæð hennar er í samræmi við matsgerð dómkvaddra manna.

Stefndi hefur fyrst og fremst byggt sýknukröfu sína á því, að ekki geti hér verið um skaðabótaskyldu að ræða eftir almennum reglum, þar eð stefnandi hafi eigi fært sönnur á það, að réttur hafi verið á honum brotinn með greindum ráðstöfunum, enda hljóti stjórnarvöldum að bera svigrúm til slíkra athafna, er horfi til framfara og þjóðþrifa. Þá heldur stefndi því fram, að eigi sé heldur um bótaskyldu að ræða samkvæmt sérstökum fyrirmælum

laga, en þau telur hann ekki önnur en ákvæði IV. kafla laga nr. 55 frá 1921. Telur stefndi vist, að stefnandi geti ekki átt rétt til bóta vegna breytinga á lóðum eða götum á hinu umrædda svæði, þar eð hann sé ekki eigandi lóðar þeirrar, er hús hans stendur á, heldur hafi hana einungis á leigu.

Þá telur stefndi, að stefnandi geti ekki átt rétt til bóta fyrir missi þeirrar aðstöðu, sem hann áður naut, meðan hús hans stóð við fjölfarna götu, þannig að hin nýja vegarlögn ein sér fái eigi talizt bótaskyldur verknaður, enda beri og að líta á það, að bæjarhverfi þetta hafi aukizt að verðmæti við breytingarnar. Loks heldur hann því fram, að verðrýrnun á húsi stefndanda megi að mestu rekja til þess, að það sé nú gamalt orðið og úrelt og því óhæft til samkeppni við nýtizku verzlunarhúsnæði, sem reist hafi verið í námunda við það.

Þótt talið yrði, að hús stefnanda hefði rýrnað að verðmæti við lögn hinnar nýju götu vegna þeirra áhrifa, er sú ráðstöfun kynni að hafa haft á umferð um hinn gamla Kirkjuveg, að öðru óbreyttu, svo og hinnar óhagkvæmu afstöðu hússins til nýju götunnar, verður að fallast á það með stefnda, að slíkt tjón sé honum óskýlt að bæta. Hins vegar er viðurkennt í málinu, að þótt gangandi fólk komist leiðar sinnar um götuspotta þá, er lagðir voru niður, er ókleift að fara um þá með ökutæki svo og að þær hindranir eru af völdum stefnda. Hvort sem talið yrði, að skipulag kaupstaðarins krefðist þeirra ráðstafana eða ekki, þykir verða að líta svo á, að samkvæmt almennum reglum um eignarrétt beri stefnda að bæta það tjón stefnanda og óhagræði, er beint má rekja til þeirra ráðstafana.

Stefndi hefur öðrum þræði byggt sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi glatað þeim bótarétti, sem hann kynni að hafa átt fyrir vangæzlu. Hefur hann í fyrsta lagi rökstutt það með því, að eigandi hússins hafi engum athugasemdum hreyft né andmælum, er skipulagsuppdrátturinn var lagður fram til sýnis samkvæmt ákvæðum 12. gr. laga nr. 55 frá 1921, svo sem að framan var greint. Í þessum lögum eru engin ákvæði um það, að athafnaleysi húseiganda varði hann eða síðari eigendur nokkurri réttarskerðingu, og verður þessari málsástæðu stefnda því eigi sinnt.

Þá heldur stefndi því fram, að stefnanda hafi borið að hefja mótmæli sín árið 1934, er þeim hluta Kirkjuveg, sem hús hans stendur við, var lokað öðrum megin með húsbyggingu þeirri, er að framan greinir.

Af gögnum málsins verður hins vegar eigi annað ráðið en að umferð ökutækja hafi eftir sem áður verið óhindruð að húsi stefnanda úr tveim áttum allt fram til 1940, en þá var hinum enda Kirkjuveg lokað, eins og fyrr var frá skýrt. Verður því eigi fallizt á þessa röksemd stefnda. Loks hefur stefndi haldið því fram, að

stefnandi hafi of seint hafizt handa um kröfugerð sína eftir 1940. Stefnandi hefur ekki, gegn mótmælum stefnda, fært sönnur á þá staðhæfingu sína, að hann hafi borið fram bótakröfur sínar þegar á árinu 1941, en hins vegar er viðurkennt, að þær voru bornar fram árið 1942. Þykir sá dráttur eigi svo verulegur, að hann fái réttlætt sýknukröfu stefnda, og verður hún því eigi til greina tekin á þeim grundvelli.

Samkvæmt öllu framanrituðu verða úrslit þessa hluta málsins því þau, að viðurkennd verður fébótaábyrgð stefnda á því tjóni stefnanda, er stafa kann af framangreindum hindrunum umferðar að nefndu húsi hans.

Eftir atvikum þykir þó rétt, að málskostnaður falli niður í þessum hluta málsins.

Einar Arnalds borgardómari hefur kveðið upp dóm þenna, en uppsaga hans hefur dregizt um venju fram vegna mikilla embættis-anna nú, áður en sumarþingeyfi hefst.

D ó m s o r ð :

Stefndi, bæjarsjóður Vestmannaeyja, ber fébótaábyrgð á tjóni því, er stefnandi, Gunnar Ólafsson, kann að hafa beðið við framangreindar hindranir umferðar að húsi hans, Dagsbrún.

Málskostnaður falli niður í þessum hluta málsins.

Mánudaginn 13. október 1947.

Nr. 139/1946. **Sigurður Helgason** (Hrl. Gústaf A. Sveinsson)
gegn

Ásgeiri Matthíassyni (Hrl. Magnús Thorlacius).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Fébótamál. Riftun á sölu húseignar.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 23. október 1946, krefst þess, að hann verði dæmdur sýkn af skaðabótakröfum stefnda, að felld verði úr gildi hin áfrýjaða fjárnámsgerð og að stefndi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar bæði í bæjarþingi, fógetadómi og fyrir hæstarétti. Áfrýjandi kveðst hins vegar vilja una við